

Nr. 12.  
13.  
apríl.

## Samþykktarlög

um

verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

**Gjörum kunugut:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Sýslunefndinni veitist vald til, að gjöra samþykkt um verndun Safamýrar á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Nú þykir sýslunefndinni þörf á, að gjöra samþykkt til að vernda og viðhalda Safamýri, skal hún kveðja eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, til fundar, og eiga þeir allir atkvæðisrjett á þeim fundi.

Sýslunefndin kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa skrá yfir þá, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum, við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr.

Sýslunefndin semur frumvarp til samþykktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði fundar þess, er um er rætt í 2. gr.

Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar, breytt eða óbreytt, með  $\frac{2}{3}$  atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfesingar.

4. gr.

Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfestingu sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á um, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

## Lov

Nr. 12.

13de  
April.

angaaende

Bedtægt om Beskyttelse af Safamyri i Rangarvalla Sysfel.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Benders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### § 1.

Sysselforstanderskabet bemyndiges til at affatte en Bedtægt angaaende Beskyttelsen af Safamyri paa den i nærværende Lov forestrevne Maade.

### § 2

Naar Sysselforstanderskabet finder Anledning til at oprette en Bedtægt angaaende Beskyttelse og Vedligeholdelse af Safamyri, har det at indkalde vedkommende Forders Ejere og Brugere til et Møde, paa hvilket de alle have Stemmeret.

Sysselforstanderskabet bestemmer Stedet og Dagen for Mødet med tilstrækkeligt Varfel. Forhandlingerne paa Mødet ledes af Sysfelmanden eller efter Sysselforstanderskabets Bestemmelse af et af dets Medlemmer. Mødets Leder bør have en Fortegnelse til Stede over de paa Mødet stemmeberettigede.

Derfom Mødets Leder maa foretage en Rejse for at afholde Mødet, erholder han 2 Kr. om Dagen i Diæter og desuden Rejseomkostninger efter Regning, som decideres af Sysselforstanderskabet og udbetales af Sysselets Kasse.

### § 3.

Sysselforstanderskabet affatter Forslag til den Bedtægt, som det ønsker oprettet, og forelægger samme for det i § 2 omhandlede Møde til Erklæring og Afstemning.

Naar Forsamlingen har vedtaget Sysselforstanderskabets Forslag i forandret eller uforandret Skikkelse med  $\frac{2}{3}$  af de afgivne Stemmer, har Forstanderskabet at indsende Forslaget til Amtet til Stadfæstelse.

### § 4.

Finder Amtmanden, at Bestemmelserne i en Bedtægt træde Enkeltmands Ret for nær, eller paa en eller anden Maade komme i Strid med Lovene og Lovenes Grundfæstninger, nægter han at stadfæste Bedtægten, og tilkendegiver Sysselforstanderskabet Grundene for sit Afslag. I modsat Fald stadfæster han Bedtægten, foranstalter den bekendtgjort, samt bestemmer, naar den skal træde i Kraft, hvorefter den er forbindende for alle vedkommende.

Nr. 12. Samþykkt þeirri, sem amtmaður hefur staðfest má eigi breyta á annan hátt en  
 13. þann, er hún var stofnuð á.  
 april. Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í B-deild Stjórnartíðindanna.

## 5. gr.

Samþykktin skal kveða á um eptirlit það, sem þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

## 6. gr.

Brot gegn staðfestri samþykkt varðar 10—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð.

## 7. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaliuborg, 13. apríl 1894.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

---

*J. Nellemann.*

En af Amtet stadfæstet Vedtægt kan ikke forandres paa anden Maade end den, Nr. 12.  
hvorpaa den blev oprettet. 13de  
April.

Amtet træffer Foranstaltning til, at Vedtægten optages i Regeringstidendens Af-  
deling B.

§ 5.

Vedtægten bør indeholde Forrifter angaaende det til dens nøjagtige Overholdelse  
nødvendige Tilsyn samt angaaende Afholdelsen af Omkostningerne derved.

§ 6.

Overtrædelse af en stadfæstet Vedtægt straffes med Bøder af 10—100 Kr., som  
tilfalde Syselets Kasse.

§ 7.

Overtrædelser af en saadan Vedtægt behandles som offentlige Politifager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette

Givet paa Amalienborg, den 13de April 1894.

---

Ministeriet for Island, den 13de April 1894.

*J. Nellemann.*

---

*Ólafur Halldórsson.*